



ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 450 8000

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum,
Aðalstræti 92,
450 Patreksfjörður.

Ísafjörður, 19. maí 2020
2018010057

Efni: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi Golfklúbbs Ísafjarðar

Eftirfarandi erindi barst frá Sýslumannsembætti Vestfjarða, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Finns Magnússonar, kt. 130148 -3879, f.h. Golfklúbbs Ísafjarðar, kt. 500981-0169, um leyfi til að reka veitingastað í flokki II (umfangslítill áfengisveitingastaður) í Golfskálanum i Tungudal.

Veitingastaður í flokki II er umfangslitlir áfengisveitingastaðir það sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.

Flokkur C: Veitingastofa og greiðasala. Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónustu og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. mötuneyti og skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.

Golfskálinn Tungudal, er skráður á byggingastigi 7 sem er fullgerð bygging. Húsið er á svæði sem skilgreint er í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem opið svæði til sérstakra nota.

Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis með vísan í umsögn HEV dags. 4. júní 2020

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar fellst á að ofangreint leyfi verði veitt miðað við 60 manns. Með vísan í ofangreint gerir skipulagsfulltrúi ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis.

